

GJALDSKRÁ

um meðhöndlun úrgangs í Bláskógabyggð.

1. gr.
Heimild.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Hún er í samræmi við samþykkt nr. 37/2010 um meðhöndlun úrgangs í Bláskógabyggð.

2. gr.
Sorpirðugjald.

Innheimta skal sorphirðugjald af öllu íbúðarhúsnæði í Bláskógabyggð samkvæmt eftirfarandi álagsgrunni. Sorphirðugjaldið miðast við grunneiningu ílátu fyrir heimilisúrgang skv. samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Bláskógabyggð, stærð þeirra ílátu og losunartíðni hjá viðkomandi íbúðarhúsnæði.

Sorpirðugjald fyrir grunneiningu ílátu:

<i>Ílátastærð</i>	
240 1 ílát	40.959 kr.
660 1 ílát	122.248 kr.
240 1 ílát, stækkun 1	44.678 kr. (stækkun á brún-/blá-/græntunnu)
240 1 ílát, stækkun 2	60.885 kr. (stækkun á grátunnu)
240 1 ílát, stækkun 3	44.678 kr. (stækkun á tveimur tunnum af brún-/blá-/græntunnum)
Grátunna: losun á 21 dags fresti.	
Brúntunna: losun á 21 dags fresti.	
Blátunna: losun á 42 daga fresti.	
Græntunna: losun á 42 daga fresti.	

3. gr.
Sorpeyðingargjald.

Innheimta skal sorpeyðingargjald af öllu íbúðarhúsnæði í Bláskógabyggð og frístundahúsnæði. Sorpeyðingargjaldið skal vera í samræmi við áætlað magn heimilisúrgangs, annars en garðaúrgangs, timburs og spilliefna, sem til fellur hjá viðkomandi húsnæði á ári ásamt umsýslukostnaði vegna þess.

Sorpeyðingargjald vegna heimilisúrgangs:

Íbúðarhúsnæði	24.150 kr.
Frístundahúsnæði	20.369 kr.
Lögbýli	13.600 kr.
Fyrirtæki	50.327 kr.

Allir fasteignaeigendur sem greiða sorpeyðingargjald fyrir íbúðarhúsnæði og frístundahúsnæði fá afhent klippikort sem veitir þeim gjaldfrjálsan aðgang að gámastöð í 12 skipti á ári, fyrir samtals 4,5 m³.

Allir fasteignaeigendur sem greiða sorpeyðingargjald fyrir lögbýli fá afhent klippikort sem veitir þeim gjaldfrjálsan aðgang að gámastöð í 12 skipti á ári, fyrir samtals 9 m³.

Allir fasteignaeigendur sem greiða sorpeyðingargjald fyrir fyrirtæki fá afhent klippikort sem veitir þeim gjaldfrjálsan aðgang að gámastöð í 12 skipti á ári, fyrir samtals 9 m³.

Umframagn er gjaldskyld á móttökustöð og miðast við m³ þess úrgangsmagns sem afsett er. Allur úrgangur er gjaldskyldur við afsetningu nema brotamálmar og úrgangur sem ber úrvinnslugjald Úrvinnslusjóðs.

Nr. 1316

17. desember 2019

4. gr.

Gjaldskrá móttökustöðvar.

Fyrirtæki, lögþýli eða frístundahúsafélög sem afsetja rekstrarúrgang á móttökustöðvum eða nýta þjónustu verktaka vegna hirðingar og eyðingar úrgangs vegna atvinnureksturs skulu greiða móttökugjald á móttökustöð eða verktaka fyrir þá þjónustu. Gjaldtaka á móttökustöð eða gjaldtaka þjónustuverktaka er ekki hluti af gjaldi sveitarfélagsins skv. 2. og 3. gr. gjaldskrár þessarar.

Gjaldtaka á móttökustöð miðast við m^3 þess úrgangsmagns sem afsett er. Allur úrgangur er gjaldskyldur við afsetningu nema brotamálmar og úrgangur sem ber úrvinnslugjald Úrvinnslusjóðs.

Móttökugjald á einn m^3 af flokkuðum eða óflokkuðum úrgangi er 5.500 kr.

5. gr.

Samþykki og staðfesting.

Gjaldskrá þessi var samþykkt á fundi sveitarstjórnar Bláskógabyggðar 12. desember 2019. Gjaldskráin gildir frá birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 105/2019 fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Bláskógabyggð.

Bláskógabyggð, 17. desember 2019.

Ásta Stefánsdóttir sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 7. janúar 2020